

Minnisblað-Guðrún

Málsaðili : Sigríður Þorleifsdóttir
Tengiliður :
Dagsetning : 19.12.2016
Númer : 1610378
Flokkur : 572 Torg og bifreiðastæði

Efni : **Álfaskeið 36, sérmerkt bílastæði**

Sigríður Þorleifsdóttir sækir þann 25.10.2016 um leyfi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir merktu bílastæði fatlaðra við Álfaskeið 36.

Fylgiskjal með umsókninni er afrit af stæðiskorti fyrir hreyfihamlaða, merkt henni.

Samkvæmt samþykktu deiliskipulagi er eitt bílastæði á lóð ásamt bílskúrsrétti við Álfaskeið 36, sem er einbýlishús. Í deiliskipulainu er gert ráð fyrir að bílastæði sem tilheyra íbúum séu innan lóða.

Þar sem nú þegar er bílastæði við húsið er ekki hægt að fallast á að sérmerkja stæði í götu.

Nú þegar er hluti götunnar tileinkaður Álfaskeiði 36, sbr. Umferðarlög nr. 50/1987, þar sem eigendur/íbúar hafa skilyrðislausan rétt til að aka til og frá stæði sínu og takmarkar það um leið rétt annarra til hagnýtingar á stæði við götu.

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur